

**Ed.**

**401. Breytingartillögur**

[78. mál]

við frv. til laga um skipan opinberra framkvæmda.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

1. Við 17. gr. Greinin hljóði svo:

Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Eftirlitsmenn skulu samþykktir af eignaraðila eða eignaraðilum sameiginlega, ef um fleiri er að ræða. Í sérstöku erindisbréfi skal kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun. Framkvæmdadeildin ber ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum.

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins er heimilt upp á sitt eindæmi að gera minni háttar frávik frá áætlun skv. 9. gr. og verklýsingum og verksamningum gerðum samkvæmt henni, en meiri háttar frávik, þótt nauðsynleg séu, má eigi gera nema með samþykki eignaraðila.

2. Við 22. gr., 2. mgr. í stað orðsins „undirbúningsstigi“ komi: undirbúnings- og framkvæmdastigi.